

Hver eru öryggisáhrifin af því að fjölga óvörðum vegfarendum? Sambandið milli fjölda vegfarenda og fjölda slysa.

Höskuldur Kröyer, Trafkon AB

Samantekt:

Einn af mikilvægustu þáttunum fyrir fjölda slysa er fjöldi vegfarenda, þar sem fjölgun vegfarenda leiðir yfirleitt til fjölgunar slysa. Rannsóknir hafa hinsvegar sýnt að þetta samband er ekki línulegt fyrir óvarða vegfarendur, það er, það eru hlutfallslega færri slys á hvern vegfarenda á stöðum þar sem eru margir óvarðir vegfarendur samanborið við staði þar sem eru fáir óvarðir vegfarendur. Þetta hefur stundum verið túlkað sem svo að það að fjölga óvörðum vegfarendum muni auka öryggi þeirra.

Settar hafa verið fram ýmsar tilgátur afhverju sambandið lítur svona út fyrir óvarða vegfarendur. Ein tilgátan er að aukinn fjöldi óvarðra vegfarenda valdi því að öikumenn verði betur meðvitaðir um tilvist þeirra og aðlagi hegðun sína að því, meðan aðrir hafa bent á að þar sem þetta sé oft byggt á þversniðsrannsóknum þá sé ekki sjálfgefið að svo sé – sambandið gæti til dæmis verið öfugt þar sem áhrifin séu afleiðingar af að óvarðir vegfarendur velji frekar öruggari leiðir, eða það að þetta séu áhrif af þáttum sem eru ekki með í módelunum (Bhatia og Wier, 2011). Það má einnig bæta við, að þrátt fyrir að samböndin bendi til þess að hver og einn óvarinn vegfarandi sé hlutfallslega öruggari þar sem óvarðir vegfarendur eru algengir (það er að sambandið sé ólínulegt) þá benda módelin til að fjöldi slysa óvarðra vegfarenda fjölgi með auknum fjölda þeirra.

Markmið þessa verkefnis er að skoða erlendar rannsóknir varðandi sambandið milli fjölda slysa og fjölda hjólréiðarmanna og gangandi vegfarenda, hvað þessar rannsóknir sýna, hvaða þættir eru taldir liggja að baki því að sambandið sé ólínulegt sem og hvaða veikleika módelin hafa. Einnig verður velt upp hvað þetta þýðir fyrir öryggi hjólréiðarmanna og gangandi vegfarenda sem og hvaða áhrif þetta hefur á áframhaldandi vinnu við að auka hjólréiðar.